

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra hljómlistarmanna
vegna hljóðfæraleikara í Þjóðleikhúsinu
hins vegar

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 14. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 31. mars 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna
vegna hljóðfæraleikara í Þjóðleikhúsinu
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Verkáætlun
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra hljómlistarmanna
vegna hljóðfæraleikara í Þjóðleikhúsi
hins vegar
dags. 31. mars 2023

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / skoðun hjá hópum sem hvorki hafa fylgiskjal 1 né bókun þar um og framlenging á bókunum þar sem það á við.	17. apríl 2023	30. nóvember 2023
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaganna liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

2.1.1 Sýningarlaun hljómlistarmanna eru sem hér segir:

Sýning 1. Viðvera allt að 2 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 24.599

Leiðandi maður 26.529

Sýning 2. Viðvera allt að 3 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 29.421

Leiðandi maður 31.833

Sýning 3. Viðvera umfram 3 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 34.246

Leiðandi maður 37.137

2.1.2 Æfingarlaun hljómlistarmanna eru sem hér segir:

Æfing 1. Æfing allt að 3 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 20.083

Leiðandi maður 22.089

Æfing 2. Æfing allt að 4 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 26.775

Leiðandi maður 29.453

Æfing 3. Æfing allt að 5 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 33.470

Leiðandi maður 36.816

Æfing 4. Æfing allt að 6 klst.

Fullgildur hljóðfæraleikari 40.162

Leiðandi maður 44.180